Fullgild rafræn undirskrift
SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR
Kennitala: 230471-5179
2026-04-29 17:10:55 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Háskóli Íslands

## 17-201

# Ársreikningur 2025

*Háskóli Íslands*
*Kt: 600169-2039*
*Sæmundargötu 2 , 102 Reykjavík*

# Efnisyfirlit

**Bls.**


| | |
|---|---|
| Skýrsla rektors ........................................................................................................ | **1** |
| Áritun rektors ........................................................................................................ | **2** |
| Yfirlit um afkomu ársins .......................................................................................... | **3** |
| Efnahagsreikningur ................................................................................................ | **4** |
| Sjóðstreymisyfirlit .................................................................................................. | **5** |
| Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum ...................................................... | **6** |
| Skýringar .................................................................................................................. | **7** |

# Skýrsla rektors

Samkvæmt lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er Háskóli Íslands sjálfstæð menntastofnun sem sinnir kennslu, rannsóknum og þekkingarleit á sviði vísinda. Háskólinn miðlar fræðslu til almennings og veitir þjóðfélaginu þjónustu í krafti þekkingar.

Meginskipulagseiningar Háskóla Íslands eru fimm fræðasvið sem skiptast í alls 26 deildir, auk sameiginlegrar stjórnsýslu. Kjarninn í starfi skólans felst í námi og kennslu nemenda, margvíslegu rannsóknastarfi, nýsköpun og virkri þátttöku í íslensku samfélagi og menningarlífi. Sérstaða skólans liggur m.a. í fjölbreyttum nemendahópi og breiðu námsframboði, en við Háskóla Íslands eru kenndar fjölmargar greinar sem ekki eru kenndar annars staðar hérlendis. Lögð er áhersla á að nemendur geti tekið hluta náms síns í skiptinámi erlendis og að erlendir nemendur geti komið sem skiptinemar hingað til lands.

Innan Háskóla Íslands eru stundaðar rannsóknir á öllum fræðasviðum með virkri þátttöku doktorsnema. Unnið er í nánum tengslum við innlendar og erlendar vísinda- og menntastofnanir og þekkingarfyrirtæki. Það hefur, ásamt vel undirbúnum nemendum sem farið hafa í framhaldsnám erlendis og með störfum brautskráðra doktora víða um heim, skapað skólanum sterka stöðu í alþjóðlegu vísindasamfélagi en einnig opnað dyr að erlendum rannsóknarsjóðum og margs konar alþjóðlegu samstarfi. Á undanförnum árum hefur Háskóli Íslands fengið fjölda styrkja úr rannsóknaráætlunum Evrópusambandsins auk styrkja frá rannsóknarsjóðum í Bandaríkjunum. Háskólinn er m.a. aðili að Samtökum evrópskra háskóla (EUA), Samtökum norrænna háskóla (NUS) og Samtökum stjórnsýslustarfsfólks í norrænum háskólum (NUAS), auk þess sem skólinn hefur verið leiðandi í samstarfsneti níu evrópskra háskóla (AURORA) sem nær til kennslu, rannsókna og stjórnsýslumálefna.

Háskóli Íslands er virkur þátttakandi í íslensku samfélagi og vinnur að nýsköpun og hagnýtingu rannsókna í nánu samstarfi við atvinnulíf og helstu stofnanir samfélagsins á sviði heilbrigðis-, félags-, umhverfis-, náttúru- og sjálfbærni-, mennta- og menningarmála. Af fjölmörgum innlendum samstarfsaðilum má nefna Landspítala, Veðurstofu Íslands, Þjóðminjasafnið, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Hjartavernd, Íslenska erfðagreiningu og fjölda sprotafyrirtækja sem mörg hver hafa verið stofnuð að frumkvæði starfsfólks skólans. Þá starfar Háskólinn í nánum tengslum við önnur skólastig að margs konar vísindamiðlun.

Háskólinn er stærsti hluthafinn í Vísindagörðum Háskóla Íslands ehf. og Rannsókna- og háskólaneti Íslands hf. Fasteignir Háskóla Íslands ehf. var stofnað árið 2021 til að annast eignarhald og umsýslu með þeim fasteignum sem Háskóli Íslands nýtir í starfsemi sinni. Sprotar – eignarhaldsfélag Háskóla Íslands ehf. var stofnað árið 2022 en hlutverk félagsins er að halda utan um eignarhluti Háskólans í sprotafyrirtækjum.

Fjöldi nemenda sem stundaði nám við Háskóla Íslands 20. október 2025 var 13.451. Þar af voru rúmlega 60% í grunnnámi, yfir 20% í framhaldsnámi á meistarastigi, ríflega 10% í starfs- og viðbótarnámi á meistarastigi og um 5% í doktorsnámi. Á árinu 2025 var fjöldi ársnema 9.265 en uppreiknaður fjöldi nemenda m.v. full námsafköst (loknar einingar) 8.713. Brautskráningar voru 3.604, þar af tæplega 49% úr grunnnámi, tæplega 23% úr framhaldsnámi á meistarastigi og ríflega 25% úr starfs- og viðbótarnámi og 2% úr doktorsnámi.

Í október 2025 voru konur tæplega 64% nemenda í grunnnámi, karlar rúmlega 36% og kynsegin nemendur tæplega 0,5%. Á meistarastigi voru konur tæplega 69% nemenda, karlar rúmlega 31% og nokkur kynsegin. Í doktorsnámi voru konur tæplega 58% nemenda og karlar rúmlega 42%.

Á árinu 2025 birti starfsfólk Háskóla Íslands um 1.500 vísindagreinar í ritrýndum tímaritum. Af þeim voru um 74% með einum eða fleiri erlendum meðhöfundum og 68% birtar í opnum aðgangi. Sama ár var áhrifastuðull birtra vísindagreina akademískra starfsmanna Háskóla Íslands 1,42 sem þýðir að áhrifin voru 42% yfir heimsmeðaltali.

Á árinu 2025 voru um 60 ný rannsóknarverkefni styrkt af Rannsóknarsjóði Rannís og 22 ný verkefni voru styrkt af rannsóknaráætlunum Evrópusambandsins (Horizon Europe, Erasmus+ og Digital Europe). Þar af var einn ERC styrkur sem eru afar eftirsóttir styrkir til öndvegisrannsókna í evrópskum háskólum. Til viðbótar voru veittir 46 nýir styrkir til verkefna úr alþjóðlegum samkeppnissjóðum á sviði rannsókna. Í lok ársins voru starfrækt 169 virk alþjóðleg rannsóknarverkefni við skólann.

Við Háskóla Íslands voru unnin 1.829 ársverk árið 2025. Af þeim voru 64% við kennslu og rannsóknir og 36% við stjórnsýslu og stoðþjónustu skólans. Alls voru 582 ársverk, eða tæplega helmingur af ársverkum við kennslu og rannsóknir, unnin af akademísku starfsfólki. Við kennslu leggja rúmlega 3000 stundakennarar víðs vegar úr atvinnu- og þjóðlífinu af mörkum um 150 ársverk sem svarar til um 30% af allri kennslu skólans.

Í hópi akademísks starfsfólks voru konur 52% og karlar 48%. Í hópi annars starfsfólks skólans voru konur 57% hópsins og karlar 43%. Af starfsfólki skólans í heild voru kvár undir 0,1%.

Silja Bára R. Ómarsdóttir tók við embætti rektors á miðju ári 2025 og á seinni hluta ársins hófst undirbúningur að gerð nýrrar stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2027-2031. Samhliða stefnumótuninni er unnið að sjálfsmati sem er undirbúningur að stofnunarúttekt Gæðamats háskóla sem mun eiga sér stað í nóvember 2026. Stofnunarúttektin er hluti af þriðju rammaáætlun um eflingu gæða í íslenskum háskólum (QEF).

# Áritun rektors

Háskóli Íslands er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs á grundvelli laga nr 123/2015 um opinber fjárlög.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 21 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 40.024,4 milljónir og afkoma af reglulegri starfsemi kr. 62,6 milljónir.

Fjármagnstekjur umfram fjármagnsgjöld námu kr. 12,7 milljónum sem skýrast að mestu af gengishagnaði. Afkoma af rekstri dóttur- og hlutdeildarfélaga nam kr. 555 milljónum. Skýrst það að mestu af 515,2 milljóna hlutdeild í afkomu Vísindagarða Háskóla íslands ehf sem er að stærstum hluta í eigu Háskóla Íslands. Hér er um reikningshaldslega afkomu að ræða og þessu fylgja ekki raungreiðslur eða handbært fé. Afkoma ársins að teknu tilliti til óreglulegra liða var 630,3 milljónir.

Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 9.763.639,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 25.220,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit yfir stöðu fjárveitinga og breytingar ársins eru á bls. 6

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

- Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.
- Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.
- Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.
- Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.
- Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar hvíla á eignum.
- Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.
- Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.
- Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.
- Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.
- Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikninginn fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

Silja Bára Ómarsdóttir
Rektor Háskóla Íslands

(undirritað rafrænt)

# Yfirlit um afkomu ársins 2025

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 28.008.184.430 | 24.364.600.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 870.604.038 | 1.060.516.672 |
| Sala á vöru og þjónustu ( skrásetningagjöld) | 3 | 958.633.219 | 968.466.228 |
| Seld þjónusta | 4 | 1.668.962.316 | 1.843.402.180 |
| Vörusala | 5 | 31.596.982 | 33.383.111 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 6 | 7.829.928.934 | 7.749.057.319 |
| **Tekjur samtals** | | 39.367.909.919 | 36.019.425.510 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 7 | 26.162.296.191 | 25.057.767.537 |
| Framlög og tilfærslur | 8 | 936.787.420 | 1.265.997.480 |
| Annar rekstrarkostnaður | 9 | 11.335.638.911 | 8.814.038.639 |
| Afskriftir og niðurfærslur | 10 | 870.604.038 | 1.060.516.672 |
| **Gjöld samtals** | | 39.305.326.560 | 36.198.320.328 |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | 62.583.359 | (178.894.818) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | 11 | 14.138.512 | 464.287.885 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | 12 | (1.427.634) | (1.788.881) |
| | | 12.710.878 | 462.499.004 |
| **Afkoma (tap) fyrir hlutdeildartekjur** | | 75.294.237 | 283.604.186 |
| Áhrif af rekstri hlutdeildar- og dótturfélaga | | 554.956.036 | 528.003.544 |
| **Afkoma ársins** | | 630.250.273 | 811.607.730 |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | | | |
| Rekstur | | 761.459.190 | 1.876.705.210 |
| Rekstrartilfærslur | | (131.208.917) | (1.065.097.480) |
| Fjármagnstilfærslur | | | |
| | | 630.250.273 | 811.607.730 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 13 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 2.254.901.634 | 2.218.614.831 |
| Farartæki og vélar | | 85.317.994 | 92.460.922 |
| Fasteignir | | 1.538.152.327 | 1.619.107.713 |
| Verk í vinnslu, fasteignir | | 1.818.588.127 | 2.335.057.388 |
| Verk í vinnslu, áhöld, tæki og búnaður | | 212.206.061 | 548.602.590 |
| Aðrar eignir | | 57.377.953 | 46.284.814 |
| | | 5.966.544.096 | 6.860.128.258 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Langtímakröfur | 14 | 400.240.633 | 371.688.213 |
| Eignahlutir í öðrum félögum | 15 | 6.872.039.010 | 6.317.442.963 |
| | | 7.272.279.643 | 6.689.131.176 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 13.238.823.739 | 13.549.259.434 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 16 | 745.001.643 | 1.101.846.460 |
| Tengdir aðilar | 17 | 4.047.967.343 | 1.407.352.354 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | 18 | 52.104.737 | 82.003.681 |
| Handbært fé | 19 | 7.136.084.918 | 10.296.701.137 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 11.981.158.641 | 12.887.903.632 |
| **Eignir samtals** | | 25.219.982.380 | 26.437.163.066 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 20 | | |
| Hrein eign | | 9.763.638.961 | 9.133.388.688 |
| **Eigið fé samtals** | | 9.763.638.961 | 9.133.388.688 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 17 | 4.168.418.673 | 3.880.358.272 |
| Viðskiptaskuldir | 21 | 2.820.754.444 | 2.539.821.468 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 22 | 2.056.822.302 | 2.026.989.575 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 23 | 6.410.348.000 | 8.856.605.063 |
| **Skuldir samtals** | | 15.456.343.419 | 17.303.774.378 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 25.219.982.380 | 26.437.163.066 |

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins ........ | | 630.250.273 | 811.607.730 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir ........ | | 870.604.038 | 1.060.516.672 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára ........ | | (870.604.038) | (1.060.516.672) |
| Söluhagnaður ........ | | | |
| Verðbætur og gengismunur ........ | | (28.552.420) | (77.901.842) |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | 657.992 | 2.663.500 |
| Tekjuskattsskuldbinding ........ | | | |
| Hlutdeild í tapi ( hagnaði) ........ | | (554.956.036) | (528.003.544) |
| | | 47.399.809 | 208.365.844 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur ........ | | 386.743.761 | (140.152.594) |
| Tengdir aðilar ........ | | (2.354.858.099) | (361.875.365) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir ........ | | 310.765.703 | (16.899.440) |
| | | (1.657.348.635) | (518.927.399) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | (1.609.948.826) | (310.561.555) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð eigna ........ | | (2.111.740.893) | (1.864.075.094) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | (2.111.740.893) | (1.864.075.094) |
| Tengdir aðilar ........ | | 0 | (23.924.906) |
| Fjárfestingarframlag ........ | | 571.500.000 | 550.000.000 |
| Framlag HHÍ til fjárfestinga og gjafir ........ | | (10.426.500) | 1.338.000.000 |
| Afborganir langtímalána ........ | | 0 | 500.000.000 |
| | | 561.073.500 | 2.364.075.094 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (3.160.616.219) | 189.438.445 |
| Handbært fé í byrjun árs ........ | | 10.296.701.137 | 10.107.262.692 |
| **Handbært fé í árslok** | | 7.136.084.918 | 10.296.701.137 |

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

| | Fjárveiting til rekstrar | Rekstrar-tilfærslur | Fjárveiting til fjárfestinga | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025 | 25.830.400.000 | 200.900.000 | 571.500.000 | 26.602.800.000 |
| Fjáraukalög | 0 | 73.000.000 | 0 | 73.000.000 |
| **Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum** | **25.830.400.000** | **273.900.000** | **571.500.000** | **26.675.800.000** |
| Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda | | | | |
| Launabætur | 241.700.000 | | | 241.700.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 1.130.505.927 | 531.678.503 | 0 | 1.662.184.430 |
| **Fjárveiting ársins** | **27.202.605.927** | **805.578.503** | **571.500.000** | **28.579.684.430** |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað) | 5.123.874.739 | (1.928.513.649) | 1.993.813.305 | 5.189.174.395 |
| Breyting fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu** | **32.326.480.666** | **(1.122.935.146)** | **2.565.313.305** | **33.768.858.825** |
| Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum | (26.441.146.737) | (936.787.420) | (2.121.509.401) | (29.499.443.558) |
| **Staða fjárveitinga í lok árs 2025** | **5.885.333.929** | **(2.059.722.566)** | **443.803.904** | **4.269.415.267** |
| Breytingar vegna árslokastöðu 2024 | | | | |
| **Staða fjárveitinga í lok árs 2025*** | **5.885.333.929** | **(2.059.722.566)** | **443.803.904** | **4.269.415.267** |

* af stöðu fjárveitinga í árslok eru 4.498,7 m.kr. vegna afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.
Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.
Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

**Gjöld**

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.
Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður ........................................ | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar ........................................ | 8-15 ár |
| Aðrar eignir ........................................ | óafskrifað |
| Fasteignir, skip, flugvélar og fleira ........................................ | 10-15 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**Fjárfestingareignir**

**Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir**

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

**Skammtímakröfur**

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Aðrar skuldir**

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

**Samanburðarfjárhæðir**

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

**2 Tekjufærsla fjárveitinga**

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 28.008.184.430 | 24.408.600.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 870.604.038 | 1.060.516.672 |
| | 28.878.788.468 | 25.425.116.672 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 25.830.400.000 | 200.900.000 | | 26.031.300.000 |
| Fjáraukalög 5 | | 73.000.000 | | 73.000.000 |
| Launabætur | 241.700.000 | | | 241.700.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 1.130.505.927 | 531.678.503 | | 1.662.184.430 |
| **Fjárveiting til tekna** | **27.202.605.927** | **805.578.503** | **0** | **28.008.184.430** |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | (26.441.146.737) | (936.787.420) | | (27.377.934.157) |
| Hlutdeildartekjur | | | | |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **761.459.190** | **(131.208.917)** | **0** | **630.250.273** |

**3 Sala á vöru og þjónustu ( skrásetningagjöld)**

| | | |
|---|---|---|
| Sala á vöru og þjónustu ( skrásetningagjöld) | 958.633.219 | 968.466.228 |
| | 958.633.219 | 968.466.228 |

**4 Seld þjónusta**

| | | |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 483.318.635 | 485.225.804 |
| Umboðs- og sölulaun | 7.263 | 6.325 |
| Verksala | 445.447.490 | 368.465.222 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 70.193.820 | 105.190.895 |
| Veitinga- og gistiþjónusta | 8.471.457 | 24.320.824 |
| Fræðslustarfsemi og fundir | 661.523.651 | 860.193.110 |
| | 1.668.962.316 | 1.843.402.180 |

**5 Vörusala**

| | | |
|---|---|---|
| Vörusala I | 31.290.560 | 32.802.169 |
| Vörusala II | 306.422 | 580.942 |
| | 31.596.982 | 33.383.111 |
| Seld vara og þjónusta samtals | 2.659.192.517 | 2.845.251.519 |

**6 Framlög og ýmsar tekjur**

| | | |
|---|---|---|
| Leigutekjur | 285.336.626 | 191.107.907 |
| Afnotagjöld | 37.084.863 | 33.571.185 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 6.658.577.482 | 7.120.082.088 |
| Ýmsar tekjur | 548.929.963 | 104.296.139 |
| Fjárframlag Happdrættis Háskóla Íslands til HÍ | 300.000.000 | 300.000.000 |
| | 7.829.928.934 | 7.749.057.319 |

**7 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 21.364.662.373 | 20.418.879.141 |
| Orlof, breyting | 34.096.358 | 105.133.807 |
| Önnur launagjöld, ótalin annars staðar | 13.785.560 | (16.345.566) |
| Launatengd gjöld | 4.727.981.225 | 4.505.564.327 |
| Starfsmannakostnaður | 21.770.675 | 44.535.828 |
| Samtals launakostnaður | 26.162.296.191 | 25.057.767.537 |
| Meðalfjöldi stöðugilda* | 1.829 | 1.875 |

**8 Framlög og tilfærslur**

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Rekstrartilfærslur aðrir | 936.787.420 | 1.265.997.480 |
| | 936.787.420 | 1.265.997.480 |

**9 Annar rekstrarkostnaður**

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 199.341.487 | 205.919.892 |
| Byggingarvörur, almennar | 27.269.137 | 25.655.985 |
| Byggingarvörur, aðrar | 6.971.221 | 3.298.476 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 4.257.257 | 2.979.907 |
| Ýmis tæki og áhöld | 210.368.393 | 169.650.839 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 11.687.840 | 10.929.406 |
| Orkugjafar | 302.897.952 | 316.166.409 |
| Matvæli | 328.652.998 | 354.392.980 |
| Almennar rekstrarvörur | 62.177.657 | 83.733.241 |
| Vörukaup, almenn | 1.153.623.942 | 1.172.727.135 |
| | | |
| Rannsóknarstofuefni | 444.444.265 | 443.640.575 |
| Lyf og tengd efni | 1.123.525 | 282.236 |
| Lækninga- og hjúkrunarvörur | 52.965.232 | 55.568.665 |
| Sjúkrahústæki og áhöld | 4.330.640 | 1.356.471 |
| Kennslu- og föndurvörur | 9.485.364 | 8.157.384 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 36.013 | 1.472.515 |
| Vörukaup, sérgreind | 512.385.039 | 510.477.846 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 235.199.289 | 232.080.590 |
| Ferðir, uppihald | 598.617.524 | 613.106.599 |
| Akstur | 43.946.019 | 43.256.099 |
| Sérfræðiþjónusta | 1.250.931.259 | 1.326.164.905 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 20.523.009 | 2.209.351 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 152.294.050 | 145.453.478 |
| Vistunargjöld | 0 | 8.260 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 188.551.121 | 99.128.636 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 2.490.062.271 | 2.461.407.918 |
| | | |
| Samningsbundin kaup og leiga | 10.233.067 | 9.234.694 |
| Afnotagjöld | 521.139.609 | 459.159.417 |
| Leigugjöld | 4.173.935.849 | 3.859.151.235 |
| Notkun véla og flutningatækja | 99.061.022 | 40.089.919 |
| Verkkaup | 2.750.559.197 | 1.039.097.625 |
| Kostnaðarhlutdeild | 176.115.944 | 33.096.394 |
| Áhættutap og bætur | 0 | 50.000 |
| Tryggingar, lögboðnar | 15.405.027 | 17.099.659 |
| Opinber gjöld | 89.586.567 | 111.808.800 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 7.836.036.282 | 5.568.787.743 |
| | | |
| Kostnaðarhlutdeild | (656.468.623) | (899.362.003) |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 11.335.638.911 | 8.814.038.639 |

**10 Afskriftir og niðurfærslur**

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 774.148.279 | 921.450.426 |
| Farartæki og vélar | 14.707.877 | 52.579.146 |
| Fasteignir | 80.955.386 | 85.216.195 |
| Aðrar eignir | 648.945 | 915.425 |
| Sölutap og úreltar eignir | 26.885 | 355.480 |
| | 870.604.038 | 1.060.516.672 |

**11 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður**

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Ýmsar fjármunatekjur og gengishagnaður | 30.939.413 | 82.715.592 |
| Gengishagnaður, verðbreytingar | (16.800.901) | 381.572.293 |
| | 14.138.512 | 464.287.885 |

**12 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap**

| | | |
|---|---|---|
| Fjármagnskostnaður | 0 | 44.751 |
| Dráttarvextir | 1.427.634 | 1.744.130 |
| | 1.427.634 | 1.788.881 |

**13 Varanlegir rekstrarfjármunir:**

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 2.254.901.634 | 2.218.614.831 |
| Farartæki og vélar | 85.317.994 | 92.460.922 |
| Fasteignir | 1.538.152.327 | 1.619.107.713 |
| Verk í vinnslu, fasteignir | 1.818.588.127 | 2.335.057.388 |
| Verk í vinnslu, áhöld, tæki og búnaður | 212.206.061 | 548.602.590 |
| Aðrar eignir | 57.377.953 | 46.284.814 |
| | 5.966.544.096 | 6.860.128.258 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

| | **Áhöld, tæki og búnaður*** | **Farartæki og vélar** | **Fasteignir *** | **Aðrar eignir** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2025 | 9.236.311.684 | 281.677.764 | 4.559.901.460 | 618.444.457 | 14.696.335.365 |
| Viðbætur á árinu | 810.723.414 | 7.564.949 | 1.280.733.926 | 11.858.750 | 2.110.881.039 |
| | **10.047.035.098** | **289.242.713** | **5.840.635.386** | **630.303.207** | **16.807.216.404** |
| Afskriftir 01.01.2025 | 6.805.490.792 | 189.216.842 | 269.339.830 | 572.159.643 | 7.836.207.107 |
| Afskrift ársins | 774.148.279 | 14.707.877 | 80.955.386 | 792.496 | 870.604.038 |
| Selt/úrelt á árinu | 0 | 0 | 2.133.861.163 | 0 | 2.133.861.163 |
| | **7.579.639.071** | **203.924.719** | **2.484.156.379** | **572.952.139** | **10.840.672.308** |
| Staða 31.12.2025 | 2.467.396.027 | 85.317.994 | 3.356.479.007 | 57.351.068 | 5.966.544.096 |

Verk í vinnslu tekið með

**14 Langtímakröfur**

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Veitt löng lán, innlend, ógengisbundin | 400.240.633 | 371.688.213 |
| | 400.240.633 | 371.688.213 |

Um er að ræða lán til Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.
Lánið ber óverðtryggða vexti skv. 4 gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu útgefnum af Seðlabanka Íslands.
Lánið er óverðtryggt og vextir greiddir eftir á, sem bætast við höfuðstól.
Lántaki skuldbindur sig til að greiða lánið upp með einni afborgun höfuðsstóls og vaxta þegar lánveitandi krefst þess.

**15 Eignahlutir í öðrum félögum**

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Vísindagarðar ehf. hlutdeildartekjur | 489.226.040 | 527.234.625 |
| Hlutdeildartekjur, ýmsir | 65.729.996 | 768.919 |
| | 554.956.036 | 528.003.544 |

| | Eignarhlutur | Nafnverð | Leiðr. v/ 2024 | Hlutdeild í afkomu | Matsverð |
|---|---|---|---|---|---|
| Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð): | | | | | |
| RH-net hf., kt. 4902013190 | 85,6% | 46.095.600 | (130.620) | 357.491 | 35.299.395 |
| Tæknigarður ehf., kt. 620987-1749 | 100,0% | 16.000.000 | 4.041.953 | 2.000.000 | 115.213.588 |
| Vísindagarðar HÍ ehf., kt. 420104-2350 | 94,6% | 1.158.850.000 | (26.018.707) | 515.244.747 | 6.642.494.440 |
| KLAK INNOVIT ehf., kt: 440500-2690 | 20,7% | 4.220.664 | 4.668.880 | 2.072.000 | 24.361.665 |
| Sprotar-eignarhaldsfél HÍ 491222-0260 | 100,0% | 1.534.576 | (168.349) | 52.528.652 | 54.669.922 |
| | | | (17.606.843) | 572.202.890 | 6.872.039.010 |

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði. Eignahlutar í Internet á Íslandi hf. og SagaMedica eru settir á núll, eru hluti af Sprotum-eignarhaldfélag HÍ.

**16 Viðskiptakröfur**

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 759.675.951 | 1.110.506.598 |
| - Niðurfærsla vegna tapsáhættu | (14.674.308) | (8.660.138) |
| | 745.001.643 | 1.101.846.460 |
| Viðskiptakröfur í íslenskum krónum | 723.835.246 | 1.092.733.023 |
| Viðskiptakröfur í erlendri mynt | 21.166.397 | 9.113.437 |
| | 745.001.643 | 1.101.846.460 |

**17 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | | |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 3.214.273.509 | 267.974.963 |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 833.693.834 | 1.139.377.391 |
| | 4.047.967.343 | 1.407.352.354 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 4.168.418.673 | 3.880.358.272 |
| | 4.168.418.673 | 3.880.358.272 |

**18 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður**

| | | |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 18.000 | 11.920.439 |
| Skattar ( virðiskaukaskattur) | 52.086.737 | 70.083.242 |
| | 52.104.737 | 82.003.681 |

**19 Handbært fé**

| | | |
|---|---|---|
| Sjóðir | 585.687 | 199.791 |
| Tékkareikningar | 1.409.592.757 | 4.444.131.145 |
| Sparisjóðsreikningar | 13.760.655 | 61.845.980 |
| Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum | 5.712.145.819 | 5.790.524.221 |
| | 7.136.084.918 | 10.296.701.137 |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 527,8 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

**20 Eigið fé**

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| Hrein eign | | |
|---|---|---|
| Jöfnuður 1.1. | 9.133.388.688 | 7.732.758.723 |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | 0 | 589.022.235 |
| Afkoma ársins | 630.250.273 | 811.607.730 |
| Jöfnuður 31.12. | 9.763.638.961 | 9.133.388.688 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

**21 Viðskiptaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 2.820.754.444 | 2.539.821.468 |
| | 2.820.754.444 | 2.539.821.468 |
| | | |
| Viðskiptaskuldir í íslenskum krónum | 1.124.579.664 | 637.746.040 |
| Viðskiptaskuldir í erlendri mynt | 1.696.174.780 | 1.902.075.428 |
| | 2.820.754.444 | 2.539.821.468 |

**22 Ýmsar skammtímaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 2.052.852.813 | 2.007.018.392 |
| Fyrirframgreiddar tekjur* | 5.734.449.449 | 5.131.206.995 |
| Önnur ógreidd gjöld | (5.730.479.960) | (5.111.235.812) |
| | 2.056.822.302 | 2.026.989.575 |

* Fyrirframgreiddar tekjur vísa til fyrirframgreiddra styrkja sem Háskóli Íslands hefur móttekið.

**23 Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | | |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 5.966.544.096 | 6.862.791.758 |
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingagjafa | 0 | 0 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga | 443.803.904 | 1.993.813.305 |
| | 6.410.348.000 | 8.856.605.063 |

| | **Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga** | **Fjárfestinga-fjárveiting** | **Samtals frestaðar tekjur** |
|---|---|---|---|
| Staða 01.01.2025 | 6.862.791.758 | 1.993.813.305 | 8.856.605.063 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 571.500.000 | 571.500.000 |
| Framlag HHÍ til fjárfestinga og gjafir | 0 | (10.426.500) | (10.426.500) |
| Bókfært verð seldra eigna | 0 | 0 | 0 |
| Áhrif seldra eigna | 0 | 657.992 | 657.992 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu | (2.137.384.517) | 0 | (2.137.384.517) |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 2.111.740.893 | (2.111.740.893) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (870.604.038) | 0 | (870.604.038) |
| | 5.966.544.096 | 443.803.904 | 6.410.348.000 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2025 munu kr. 703,5 milljónir koma til tekna á árinu 2026

**Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*
Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustu. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 4.823,2 milljónum og vegna þjónustu kr. 407,4 milljónum.

*Veðsetningar*
Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2025.

*Veittar ábyrgðir*
Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*
Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

*Staða tjónamáls vegna vatnsleka*
Umtalsvert vatnastjón varð á byggingum Háskóla íslands í janúar 2021 eftir rof í kaldavatnslögn. Unnið hefur verið að endurbótum og nam heildarkostnaður um kr. 396 milljónir króna í árslok 2025. Málinu er nú lokið og numu tjónabætur 307 m.kr. á árinu 2025 eða 89 m.kr. undir bókfærðum kostnaði

*Óafturkallanleg loforð*
Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*
Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.